

## Söngdagskrá Ísaksskóla 2023-2024

### 13. - 17. Nóv

Hættu að gráta hringaná

Vögguvísur handa pabba (1.erindi og viðlag)

Einn og tveir og þrír

Krummavísur

Ég er sko vinur þinn

Á íslensku má alltaf finna svar

### 20. - 24. Nóv

Söngur Camillu

Hættu að gráta hringaná

Vögguvísur handa pabba (allt lagið)

Einn og tveir og þrír

Krummavísur

Á íslensku má alltaf finna svar

### 27. Nóv - 1. des

Við kveikjum einu kerti á

Söngur Camillu

Hættu að gráta hringaná

Vögguvísur handa pabba

Einn og tveir og þrír

### Hættu að gráta, hringaná

Þjóðlag

Ljóð: Jónas Hallgrímsson

Hættu að gráta, hringaná,

heyrðu ræðu mína,

ég skal gefa þér gull í ták

þó Grímur taki þína.

Hættu að gráta, hringaná,

huggun er það meiri,

ég skal gefa þér gull í ták

þó Grímur taki fleiri.

Hættu að gráta, hringaná,

huggun má það kalla,

ég skal gefa þér gull í ták

þó Grímur taki þær allar.

### Vögguvísa handa pabba

Lag og ljóð: Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson

Sofnaðu nú, pabbi minn,

og sofnaðu fljótt!

Senn er liðinn dagurinn

og komin rauðanótt.

Ef þú lokar augunum

ætla ég að lita

og kannski' að fá mér karamellu

eða kökubita.

*Sefur bók í hillu*

*og bíll úti' í skúr,*

*blómin í glugganum*

*fá sér líka dúr,*

*kústurinn í skápnum*

*og kanelsnúðurinn.*

*Kúrðu nú og sofðu,*

*stóri pabbi minn!*

Loksins get ég leikið mér

og ljósin öll kveikt,

ostinn skorið eins og brauð

og íspinna sleikt.

Út í garðinn einn ég fer

aðeins til að róla.

Með bangsa mínum best finnst mér

berfættur að hjóla.

*Sefur mús í holu*

*og mynd uppi' á vegg,*

*mjólkin í ísskápnum,*

*tómatar og egg.*

*Sólgleraugin dorma*

*og svarti hatturinn.*

*Sofðu bara lengi,*

## **Einn og tveir og þrír**

Lag frá Mexíkó

Þýðing: Sigríður Pálmadóttir

Einn og tveir og þrír,  
fjórir, fimm og sex.  
Sjö og átta og níu,  
teljum upp að tíu.

*Tralalalala...*

One and two and three,  
four and five and six.  
Seven, eight and nine,  
counting up to ten.

*Tralalalala...*

Uno, dos y tres,  
cuatro, cinco, seis.  
Siete, ocho, nueve,  
cuento hasta diez.

*Tralalalala...*

## **Ég er sko vinur þinn**

Lag: Randy Newman

Ljóð: Ágúst Guðmundsson

Ég er sko vinur þinn  
Langbesti vinur þinn  
Gangi illa fyrir þér  
Allt á skakk og skjön hvert sem litið er  
Þá skaltu muna vísdomsorð frá mér  
Að ég er vinur þinn  
Já, ég er vinur þinn

Ég er sko vinur þinn  
Langbesti vinur þinn  
Þér leiðist margt  
Sama segi ég  
Já, tilveran er ekki alltaf dásamleg  
Þá skaltu muna vísdomsorð frá mér  
Að ég er vinur þinn  
Já, ég er vinur þinn

## **Krummavísur**

Þjóðlag

Ljóð: Jón Thoroddsen

Krummi svaf í klettagjá,  
kaldri vetrarnóttu á,  
;: verður margt að meini; ;:

Fyrr en dagur fagur rann  
freðið nefið dregur hann  
;: undan stórum steini. ;:

Allt er frosið úti gor,  
ekkert fæst við ströndu mor,  
;: svengd er metti mína; ;:

## **Á íslensku má alltaf finna svar**

Lag: Atli Heimir Sveinsson

Ljóð: Þórarinn Eldjárn

Á íslensku má alltaf finna svar  
og orða stórt og smátt sem er og var,  
og hún á orð sem geyma gleði og sorg,  
um gamalt líf og nýtt í sveit og borg.

Á vörum okkar verður tungan þjál,  
þar vex og grær og dafnar okkar mál.  
Að gæta hennar gildir hér og nú,  
það gerir enginn nema ég og þú.

## **Söngur Kamillu**

Lag: Thorbjörn Egner

Ljóð: Kristján frá Djúpalæk

Heyrið lagið hljóma,  
hreina, bjarta óma.  
Einn og tveir og þrír  
og einn og tveir og þrír.  
Áfram enn skal telja,  
aðrar nótur velja.  
Einn og tveir og þrír  
og einn og tveir og þrír.

Ef ég íþrótt stranga  
æfi daga langa.

Einn og tveir og þrír  
og einn og tveir og þrír.  
Eykst mér lag og leikni,  
leik ég þá með hreykni.  
Síðar, sannið til,  
þá sést hvað í mér býr.

### **Við kveikjum einu kerti á**

Lag: Emmy Köhler  
Texti: Herdís Egilsdóttir

Við kveikjum einu kerti á  
Það kennt við spádóm er.  
Fátækt barn í fjárhúskró  
með frið í hjarta sér.

Við kveikjum öðru kerti á  
af kærleik fyllast menn.  
Sitt nafn það ber af Betlehem,  
þar barnið fæðist senn.

Við kveikjum þriðja kerti á  
það kennt er hirða við,  
sem gættu kind'um napra nótt  
í nánd við fjárhúsið.

Við kveikjum fjórða kerti á.  
Nú komin eru jól  
og englar syngja undurlítt  
svo ómar heims um ból.